

Ed. **146. Frumvarp til laga** [113. mál]

um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg að stofna til tilraunaskóla, er nefnist fjölbrautaskóli. Skólinn skal vera fyrir nemendum, er lokið hafa skyldunámi, og veiti þeim tiltekin réttindi til sérnáms í framhaldsskólum eða háskóla, svo og menntun og þjálfun í ýmsum starfsgreinum.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans, sem er hluti af skólakerfi Reykjavíkurborgar.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið setur skólanum námsskrá og reglugerð að fengnum til-lögum fræðsluráðs Reykjavíkur. Skal reglugerðin m. a. kveða á um kennslu- og námsskipan skólans, kennslumagn, námsmat, námsstig nemenda og réttindi þeirra til framhaldsnáms, þ. á m. til háskólanáms.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir 60% af stofnkostnaði skólans, en 40% greiðast af Reykja-víkurborg.

Laun skólastjóra og kennslulaun greiðir ríkissjóður að fullu í samræmi við starfsáætlun, sem ráðuneytið og fræðsluráð samþykkja. Annar rekstrarkostnaður skiptist að jöfnu milli aðila.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið og Reykjavíkurborg gera með sér sérstakan samning, þar sem m. a. skulu sett nánari ákvæði um stjórn skólans og skiptingu kostnaðar samkvæmt 4. gr.

6. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að stofna til fjölbrautaskóla í samvinnu við önnur sveitarfélög, eitt eða fleiri, með því fyrirkomulagi og þeirri kostnaðarskiptingu, sem lög þessi gera ráð fyrir.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lagaákvæði, er brjóta kunna í bága við þau.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp svipaðs efnis var lagt fyrir síðasta Alþingi, en varð eigi útrætt. Þó er sá munur á þessu frumvarpi og hinu, að nú er gert ráð fyrir að unnt sé að efna til slíkra skóla víðar en í Reykjavík. Einnig er tekið upp nafnið fjölbrautaskóli í stað „sameinaður framhaldsskóli“ og fellt er niður, að lögin skuli endurskoða innan fimm ára frá gildistöku. Endurskoðun laga er sjálfsgöð hvenær sem þörf er á, en ekki eðlilegt að fyrirskipa slíkt að öreynndu.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er stofnað til nýs skóla í tilraunaskyni, sem ætlað er að annast menntun allra nemenda ákveðins skólahverfis á tilteknu aldurstigi, án tillits til fyrirhugaðrar námsbrautar hvers og eins, og sameinar skól-inn þannig í eina heild hinar ýmsu tegundir skóla á framhaldsstigi.

Þar sem hér er um að ræða frávik frá því skipulagi, sem nú er lögboðið, er nauðsynlegt að afla tilraun þessari lagaheimildar.

Markmið þeirrar tilraunar, sem felst í stofnun slíks skóla, er sumpart hagkvæm-ara ytra skipulag, en þó umfram allt breytingar á hinu innra skólastarfi, er miða að því að auka jafnrétti nemenda með ólíka hæfileika og ólík áhugaefni og að draga úr því vanmati og vanrækslu á tilteknum námsbrautum, sem skiptingu námsbrauta á aðskildar og ólíkar skólagerðir hættir til að hafa í för með sér.

Jafnframt stefnir tilraunin að því að gefa nemendum tækifæri til að velja sér námsbraut í sem fyllstu samræmi við þann áhuga og getu, sem vaxandi þroski þeirra á framhaldsskólaaldrinum kann að leiða í ljós, og að hverfa frá þeirri hefð, að nemendum sé við ákveðinn aldur skipað í skóla, þar sem þeir eru í eitt skipti fyrir öll útilokaðir frá tilteknum námsbrautum. Sameining sem flestra námsbrauta í einni skólalstofnun auðveldar mjög flutning milli námsbrauta og cykur þannig tækifæri nemenda til að velja sér endanlegan námsferil og starfsferil við sitt hæfi.

Megineinkenni fjölbrautaskóla er því, að nemendur hans geta valið um fjölbreytt nám og mismunandi námsbrautir, hvort heldur til undirbúnings undir störf í hinum ýmsu greinum atvinnulífsins eða undir áframhaldandi nám í sérskólum og háskóla eða öðrum menntastofnunum á háskólastigi. Sem dæmi um námsbrautir má nefna menntaskólanám, verzlunarnám, hússtjórnarnám og iðn-, iðju- og tækninám. Þótt svo sé til ætlað, að skólinn bjóði kennslu allt að stúdentsprófi, er jafnframt gert ráð fyrir skemmti námsferli, allt eftir eðli þess náms, er nemendur stunda og kröfum þeirra starfa eða sérnáms, sem þeir stefna að.

Um 1. gr.

Til viðbótar því, sem hér er sagt, skal aðeins á það bent, að tilraunaskóli sá, sem hér er ræðir, spannar fleiri en eitt skólastig, þ. á m. gagnfræðastigið, þar sem skólar eru reknir sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, og menntaskólastigið, sem er algjörlega á vegum ríkisins. Af þeim sökum er heimild til stofnunar tilraunaskólans veitt menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg í sameiningu.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Til að tryggja stöðu skólans innan hins almenna skólakerfis og réttindi nemenda hans til jafns við nemendur annarra sambærilegra skóla, er nauðsynlegt, að skólanum sé sett sérstök reglugerð, er kveði á um þau atriði, er í greininni getur. Jafnframt krefst tilraunastarfsemi skólans annarra skilyrða en núverandi framhaldsskólar húa við, m. a. um mannahald og starfsaðstöðu alla og er nauðsynlegt, að fyrir þessu sé séð í sérstakri reglugerð. Ráðuneytinu er ætlað að ákveða námskrá skólans, m. a. setja sérstök ákvæði um kennslu og námsskipan skólans og réttindi, er nemandi geti öðlað með ákveðnu námsstigi í honum.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skiptingu kostnaðar af stofnun og rekstri skólans, en vegna eðlis hans þótti rétt að setja um það skýr ákvæði. Miðað er við að ríkissjóður greiði 60% af stofnkostnaði skólans, laun skólastjóra og kennara í samræmi við samþykka starfsáætlun og helming annars kostnaðar. Er hér miðað við að þátttaka ríkissjóðs verði sem næst því er yrði, ef byggðir yrðu og starfræktir skólar samkvæmt núverandi skólafyrirkomulagi yfir þann nemendafjölda, er fjölbrautaskóla er ætlað að hýsa. Rétt þykir að undirstrika hér, að ekki er um aukningu skólastarfs að ræða heldur skipulagsbreytingu og er því eðlilegast, að hvor aðili, ríki og borg, beri kostnað í svipuðum hlutföllum og verða mundi að óbreyttu skipulagi.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að gerður verði sérstakur samningur, þar sem m. a. verði kveðið nánar á um ýmis framkvæmdatriði og einnig skal þar setja ákvæði um stjórnun stofnunarinnar og starfsmannahald.

Um 6. gr.

Rétt þykir að gera ráð fyrir, að fleiri sveitarfélög en Reykjavík muni æskja að stofna slíkan skóla.

Hliðstæðar reglur um stofnun og rekstur myndu gilda um alla fjölbrautaskóla.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.